



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Sent í gegnum samráðsgátt

Borg, 8. september 2023

Efni: Umsögn um mál nr. 119/2023 – Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu á Íslandi.

Grímsnes- og Grafningshreppur fagnar því að skattalegt umhverfi orkuvinnslu verði tekið til endurskoðunar. Sveitarstjórn telur að löngu tímabært sé orðið að ráðast í endurskoðun löggjafar varðandi skattaumhverfi orkuvinnslu gagnvart sveitarfélögum.

Sveitarfélagið starfar innan Samtaka orkusveitarfélaga sem hefur skilað inn umsögn og er sveitarstjórn í öllum atriðum sammála þeirri umsögn og gerir að sinni.

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur jafnframt sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Á heimasíðu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir í frétt um skipan starfshópsins: *“Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Markmiðið er að skapa nýja skattalega umgjörð fyrir vinnsluna og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.”*

Í heiti starfshópsins er þó eingöngu notast við orðið orkuvinnslu og leggur Grímsnes- og Grafningshreppur ríka áherslu á að fjalla þurfi einnig um flutning og dreifingu orkunnar.

Sveitarstjórn vísar í bókun sína frá 1. mars 2023 þar sem tekið er undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar þar sem segir: *„Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.“*

Sveitarstjórn ítrekar umsögn sína um 84/2023, „Valkostir og greining á vindorku. Skýrsla starfshóps“ þar sem segir: *„Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku. Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins“.*



Sveitarstjórn vonast til að í umræðunni um mögulega aukningu á tekjum til sveitarfélaganna að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði ekki blandað inn í umræðuna um skattlagningu orkuvinnslu, útreikninga eða aðra umræðu um tekjur sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR
Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri